

Þjónusta


Bókasafn Háskólans á Akureyri er til húsa á Sólborg. Þar er veitt margvísleg þjónusta m.a. fræðslufundir og námsefniskynningar. Þar eru einnig settar upp sýningar á nýju kennsluefni. Kennarar eru hvattir til að koma í heimsókn og kynna sér þá starfsemi sem í boði er. Hópar og einstaklingar fá sérstaka leiðsögn ef þeir boða komu sína með fyrirvara.

Á bókasafninu er góð vinnuaðstaða fyrir gesti og aðgangur að tölvum í lesstofu. Þar eru einnig vinnuherbergi fyrir smærri hópa sem starfa að sérstökum verkefnum.

ágúst 2007

BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI
SÓLBORG v/NORÐURSLÓÐ, 600 AKUREYRI
SÍMI: 460 8060 - BRÉFASÍMI: 460 8994
TÖLVUPÓSTFANG: bsha@unak.is
<http://www.unak.is/bokasafn>

Bókasafn Háskólans á Akureyri



Kennslugagna- deild



Inngangur

Haustið 1996 gerðu Námsgagnastofnun, Skólaþjónusta Eyþings og Háskólinn á Akureyri með sér samning þar sem bókasafn háskólans tók að sér að annast varðveislu, útlán og kynningar á efni Námsgagnastofnunar. Árið 2000 var undirritaður nýr þjónustusamningur um bókasafnsþjónustu milli Háskólans á Akureyri og Eyþings fyrir hönd aðildarsveitarfélaga. Haustið 2000 tók Bókasafn Háskólans á Akureyri einnig við því bókasafni sem var í eigu Leikskóladeildar Akureyrarbæjar. Með nýjum samningi er sérfræðisafn Skólaþjónustu Eyþings afhent Bókasafni Háskólans á Akureyri til eignar og skuldbindur síðarnefnda stofnunin sig til að annast vöxt og viðhald kennslugagna- og sérfræðibókasafnsins og til að veita starfandi kennurum á starfssvæði Eyþings aðgang að bókasafni háskólans og sérfræðiþjónustu þess. Forsenda þess að kennslugagnasafninu var fenginn staður við háskólann var fyrst og fremst sú að þar er starfrækt kennaradeild og því sjáanlegt að um mikla samnýtingu gagna gæti orðið að ræða. Kennslugagnasafninu er því ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar og leik- og grunnskólakennurum á Norðurlandi eystra, styrkja samstarfið milli þeirra og auðvelda þeim störfín svo sem kostur er. Einnig stendur safnið opið öllum þeim sem vilja nýta sér það efni sem þar er.

Safnkostur

Safnkostur er margþættur m.a. innlendar kennslubækur, erlendar kennslubækur, fræðirit á sviði uppeldis- og kennslumála, handbækur, kennsluforrit, hljóðbækur, myndbönd og tímarit auk ýmissa fleiri gagna sem tengjast kennslu og rannsóknum á leik- og grunnskóla - stigi. Safnkosturinn er til útláns nema handbækur, einstaka kennsluforrit og tímarit.

Innlendar kennslubækur

Hér er að finna meginhluta af því kennsluefni sem gefið hefur verið út hjá Námsgagnastofnun auk hluta útgefins kennsluefnis annarra íslenskra bókaforlaga. Safninu berast, samkvæmt samningi, eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar.

Erlendar kennslubækur

Leitast er við að veita kennurum aðgang að erlendu kennsluefni, m.a. með sérstakri áherslu á kaup námsefnis í tungumálum svo sem norðurlandamálum og ensku. Einnig er til mikið erlent kennsluefni í raungreinum, aðallega stærðfræði.

Fræðirit á sviði uppeldis- og kennslumála

Kennaradeildin við Háskólann á Akureyri var stofnuð árið 1993. Í þeirri deild eru nú grunn- og leikskólabraut. Á þeim brautum er einnig hægt að stunda kennslufræði til kennsluréttinda, hugvísindanam og meistaranám. Þessari hröðu uppbyggingu á sviði kennslu á öllum skólastigum fylgir vitanlega góður kostur fræðirita á háskólabókasafni í öllum greinum uppeldis- og kennslufræði. Þessi safnkostur ásamt handbókum og tímaritum er í aðalsafni en kennslugögn í kennslugagnadeild safnsins.

Handbækur

Handbókakostur bókasafnsins er veglegur. Þar er að finna bæði erlendar og innlendar bækur auk þess sem greiður aðgangur er að gagnasöfnum og öðrum upplýsingaveitum á sviði kennslufræða.

Hljóðbækur

Hægt er að fá lánaðar hljóðbækur með texta námsbóka grunnskólastigs í kennslugagnadeild auk hljóðbóka til lestrarþjálfunar með upplestri á texta auðlesinna sögubóka. Einnig er til nokkurt úrval af hljóðsnældum sem fylgja léttlestrarefni í tungumálum.

Myndbönd og kennsluforrit

Í kennslugagnasafni er til mikill fjöldi myndbanda og kennsluforrita. Mörg þeirra eru gefin út af Námsgagnastofnun. Einnig er þar að finna gott safn myndbanda frá öðrum útgefendum, innlendum og erlendum. Kennsluforrit og myndbönd eru leitarbær í Gegni (www.gegnir.is).

Tímarit

Um eitt hundrað prentuð tímarit um uppeldis-, kennslu- og menntamál á öllum skólastigum eru til í áskrift á háskólasafninu. Tímaritin eru ekki til útlána en aðstaða til lestrar er afar góð á safninu og hægt að ljósrita þær tímaritsgreinar sem áhuga vekja. Einnig er hægt að nálgast fjölmörg tímarit í stafrænu formi og hefur sá þáttur þjónustu háskólasafnsins farið ört vaxandi að undanfögnu.

Barnabækur

Á leikskólabraut eru kenndar barnabókmenntir. Til að mæta þörfum kennara og nemenda vegna kennslu á því sviði hefur nú verið hafist handa við að auka bókakost á sviði barnabókmennta.